

Fundur - 11.september 2003

Endurrit fundargerðar Mennta- og menningarmálanefndar

Fundur í Mennta- og menningarmálanefnd 11. september kl. 20:00

Mættir allir aðalmenn auk sveitarstjóra. Einnig Áslaug Guttormsdóttir skólastjóri, Sveinn Ragnarsson fulltrúi foreldraráðs og Trausti Þór Sverrisson fulltrúi kennara (varamaður).

- 1) Sótt um leyfi fyrir skólavist fyrir tvo nemendur. Formlegt erindi vantar reyndar fyrir annarri umsókninni. Umsóknirnar samþykktar með þeim fyrirvara að þau sveitarfélög sem þeir koma frá beri þann kostnað sem af þeim hlýst.
- 2) Skóladagatal lagt fram. Skólastjóri greindi frá því að leyfi hefði fengist hjá kennurum og öðru starfslíði skólans til að kenna á sumardaginn fyrsta. Heildarkennsludagafjöldi verður 173-174 dagar. Skóladagatalið samþykkt.
- 3) Þriðja lið dagskrár frestað (skólanámsskrá og bekkjarnámsskrá).
- 4) Breytingar/endurbætur á húsnæði skólans. Áslaug greindi frá því að smíðastofan væri orðin mjög glæsileg. Flutningur tónlistarskóla væri ágætur en það væri dýr framkvæmd sem væri á ábyrgð hreppsnefndar en ekki skólastjóra Reykhólaskóla.
- 5) Farið yfir helstu kostnaðarliði s.s. breytingar á húsnæði, bækur, tæki og fleira. Skólastjóri upplýsti að að skólinn væri kominn langt fram úr kvóta í námsbókakaupum. Skýringar væru þær m.a. að upplýsingar hefði vantað í byrjun skólaárs, samkennsla hefði aukist o.fl.
- 6) Fyrirsjáanleg forföll kennara við Reykhólaskóla. Skólastjóri greindi frá því að talsverð forföll hefðu orðið fyrstu þrjár vikurnar og væru einnig fyrirsjáanleg.
- 7) Dagskrá samstarfsskóla á Vesturlandi kynnt. Reykhólaskóli verður gestgjafi með Búðardalsskóla og grunnskólanum í Tjarnarlundi 23. september nk. í Búðardal. Skólabúðir fyrir 7. bekk 24-28. nóvember nk. að Reykjum í Hrótafirði.
- 8) Skólastjóri tilkynnti að trúnaðarmaður kennara hefði verið kjörinn Sigurbjörg Daníelsdóttir. Til vara Guðbjörg Björnsdóttir. Fulltrúi kennara í skólanefnd væri Rebekka Eiríksdóttir og til vara Trausti Þór Sverrisson. Staðgengill skólastjóra í forföllum væri Svanborg Guðbjörnsdóttir.
- 9) Áhugi væri fyrir þráðlausri nettengingu inn í kennsluálmu skólans upplýsti skólastjóri. Skólastjóri sagðist hafa í hyggju að lána skólanum fartölvu sína sem Trausti Þór Sverrisson fengi. Í staðinn yrði hann skólanum innan handar við umrædda nettengingu. Nefndin lýsir yfir ánægju sinni með þetta.
- 10) Sérkennsla. Nú hafa bæst við nemendur sem þurfa sannanlega sérkennslu og fylgir fjármagn til slíks. Spurning væri um 5-7 sérkennslutíma til viðbótar. Nefndin mælir með erindinu enda koma aukagreiðslur með nýju nemendunum tveimur sem gætu brúað þennan kostnað að miklu leyti.
- 11) Fjallað um skólabyrjun, kennslu- og kennaraskipan og fyrirhugaðar gönguferðir.
- 12) Önnur mál:
 - a) Akstur kennara frá heimili. Leiðréttu þarf misræmi ef það er fyrir hendi. Vísað til hreppsskrifstofu.
 - b) Skólasel, tilhögun og skipan. Rætt.

Varðandi lið 3 þá fengu fundarmenn afhenta skólanámsskrá og bekkjarnámsskrá í fundarlok.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 22:25

Karl Kristjánsson
Sveinn Ragnarsson
Áslaug B. Guttormsdóttir
Guðrún S. Samúelsdóttir
Trausti Þór Sverrisson
Ingvar Samúelsson
Einar Örn Thorlacius (ritar)